



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrautaskóli Suðurlands

KLIP1AL03 - Trjá- og runnaklippingar I

Kennari: Björgvin Örn Eggertsson (boe@fsu.is)

Kennsluáætlun vorið 2025

Dags.	Efni tímans	Fjöldi stunda	B/V	Kennari
8. jan.	Kynning á áfanga og inngangur um tré og trjáklippingar.	2	B	BÖE
15. jan	Náttúrulegt umhverfi trjáa -vs- borgarumhverfi.	2	B	BÖE
20. jan	Trjáplantan (Grasafræðitengd upprifjun).	2	B	BÖE
29. jan	Æviskeið trjáanna. Verkefni 1 og 2 lögð fyrir	2	B	BÖE
5. feb	Lotuvika- Skoðum tré og verkfæri á Reykjum	2	V	BÖE
6. feb	Lotuvika- Skoðum tré og verkfæri á Reykjum	4	V	BÖE
12. feb	Æviskeið og varnarviðbrögð. Einnig fjallað um vélar og verkfæri.	2	B	BÖE
19. feb	Kvillar og einkenni kvilla. Verkefni 3 lagt fyrir	2	B	BÖE
26. feb	Almennar klippingar og umfjöllun um útplöntun og uppbindingar á trjám. Mat á ástandi trjáa	4	B	BÖE
7. mars	Verkleg kennsla fjarnemar . Verklegt í viðhaldi véla og brýningu á klippum. Ef þið eigið hand- og kraftklippur er tilvalið að taka þær með og brýna.	4	V	BÖE, GH HH, ÞÞ
19. mars	Verkleg kennsla staðarnemar . Verklegt í viðhaldi véla og brýningu á klippum. Ef þið eigið hand- og kraftklippur er tilvalið að taka þær með og brýna.	4	V	BÖE, GH HH, ÞÞ
24. mars	Eitt og annað	2	V	BÖE
3. apríl	Verkleg kennsla. Mætið vel búin til útiveru og með ykkar eigin handklippur. Ef þið eigið kraftklippur og handsagir er kostur að hafa það meðferðis einnig. Krónuklippingar, runnaklippingar, limgerðisklippingar og fleiri verkefni leyst	8	V	BÖE, GH HH, ÞÞ



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

4. apríl	Verkleg kennsla. Mætið vel búin til útiveru og með ykkar eigin handklippur. Ef þið eigið kraftklippur og handsagir er kostur að hafa það meðferðis einnig. Krónuklippingar, runnaklippingar, limgerðisklippingar og fleiri verkefni leyst	8	V	BÖE, GH HH, ÞÞ
6. maí	Próf	4	B	BÖE

Námsefni:

Trjá og runnaklippingar, *Drög að kennsluhefti*. Samantekt eftir Einar Friðrik Brynjarsson og Ágústu Erlingsdóttur. Fæst á skrifstofunni á Reykjavík.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni

Þrjú verkefni í trjá- og runnaklippingum tengist ásamt skýrslu.

Námsmat

Skýrslur og verkefni gilda 45% í lokaeinkunn.

Skriflegt lokapróf gildir 55% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og heimaverkefni.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar: Verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar í lotuvikum. **2 dagar í verklegu eru settir á dagana 3. Og 4. Apríl sem eru aukadagar sem allir verða að mæta á.**



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Upptökur: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskólinn FSu, Reykjum, 2. janúar 2025

Björgvin Örn Eggertsson



Garðyrkjuskólinn Reykjum
Áfangalýsing



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
KLIP1AL03 – Trjá- og runnaklippingar I - almennar	3 fein	1
Lýsing Nemendur kynnast helstu vélum og verkfærum sem notuð eru til trjá- og runnaklippinga og hvernig þeim er haldið við. Fjallað er ítarlega um trjá- og trjákrónuklippingar og hvernig meta skal ástand trjágróðurs. Einnig er fjallað um almennar runnaklippingar og limgerðisklippingar. Verklegar æfingar eru í öllum helstu þáttum áfangans.		
Forkröfur Almennar forkröfur garðyrkjunáms.		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Hvaða verkfæri og vélar henta til trjá- og runnaklippinga. • Helstu viðhaldspáttum véla og verkfæra sem notuð eru til trjá- og runnaklippinga. • Grunnreglum trjá- og runnaklippinga. • Hvernig meta skal ástand trjáa og aldursskeið út frá útlisteinkennum. • Algengustu aðferðum við trjá- og trjákrónuklippingar, runnaklippingar algengra runnategunda og limgerðisklippingar.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Leysa af hendi almennt viðhald á vélum og verkfærum sem notuð eru til trjá- og runnaklippinga sem metið er með verklagi, verkskipulagi og frágang. • Meta hvaða vélar og verkfæri henta til framkvæmdar einstakra verkþátta í trjá og runnaklippingum sem metið er með verkskipulagi, frágangi og vinnuframlagi. • Gera sér grein fyrir ástandi trjáa og meta þannig þol og þörf fyrir klippingar sem metið	



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Nota öll algengustu verkfæri og vélar til trjá- og runnaklippinga. - Sinna viðhaldi á algengustu verkfærum og vélum sem notuð eru til trjá- og runnaklippinga. - Meta ástand trjáa og aldursskeið út frá útlitseinkennum. - Framkvæma klippingar á trjám og trjákrónum, algengustu runnum og limgerðum.	er með rökræðum, rökstuðningi, verklagi og frágangi. Nýta grunnreglur trjá- og runnaklippinga til að framkvæma klippingar á trjám og trjákrónum, algengustu runnategundum og limgerðum og geta leiðbeint öðrum sem metið er með verklagi, verkskipulagi, frágang og samskiptahæfni.
Námsmat Verklegar æfingar, verkefni og skriflegt próf.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Farið vel yfir viðhald á vélum og tækjakost. Mest áhersla lögð á ástand trjá- og runnagróðurs og hvernig skal staðið að klippingum. Í verklegri kennslu er aðal áherslan lögð á krónuklippingar. Einnig farið í almennar runnaklippingar og limgerðisklippingar.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur læra að lesa umhverfi sitt og meta ástand gróðurs og taka meðvitaða ákvörðun um inngrip. Sköpun: Nemendur læra að klippa limgerði og geta þar látið sköpunargleðina skína. Jafnrétti: Nemendur læra að vinna saman í hóp og skipta jafnt á milli sín verkfærum og öðru sem þarf til vinnunnar.	
Dags.: 19.6.2013 Höfundur: Ágústa Erlingsdóttir	